

Skólaráðsfundur 10. desember 2014

Dagskrá:

1. Skólapúlsinn – niðurstöður nemendakönnunar haust 2015.
2. Niðurstöður Oddeyrarskóla í samræmdum könnunarprófum haustið 2015.
3. Næsti fundur, tími

Mættir: Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri, Hafdís Bjarnadóttir kennari, Ylfa María fulltrúi nemenda, Jón Óskar fulltrúi nemenda, Erlendur Steinar fulltrúi foreldra, Kristín Hallgrímsdóttir fulltrúi starfsmanna, Linda Rós fulltrúi kennara og Helga Vilhjálmsdóttir fulltrúi foreldra.

Forföll: Unnur Elva

Umræður:

1. Skólapúlsinn

Allur skólinn frá 6. -10. Bekk svara Skólapúlsinum, hluti að hausti og hluti að vori.

-Virgni nemenda

Það er ekki marktækur munur á okkur og þýðinu á virkni nemanda.

Oddeyrarskóli er yfir meðaltali þegar kemur að ánægju af lestri. Fleiri drengir í Oddeyrarskóla hafa ánægju af lestri en á landsvísu en örlítið færri stúlkur í Oddeyrarskóla en á landsvísu. 7. og 8. bekkur hafa meiri ánægju af lestri en aðrir bekkir í skólanum. Þrautseigja í námi hefur verið á uppleið hjá okkur en er örlítið undir landsmeðaltali í ár. Áhugi á stærðfræði er hærri hér en á landsvísu en mælist þó ekki marktækur. Bæði kyn eru yfir landsmeðaltali.

Fjóla hefur haldið utan um framkvæmd könnunarinnar hér og nemendur svara rafrænt í tölvuveri.

Ánægja af náttúrufræði er aðeins undir landsmeðaltali hjá okkur en trú á eigin vinnubrögð í námi mælist yfir meðaltali landsins.

-Líðan og heilsa

Við eru hærri í mælingum á einelti (9,3%) og þar sker 6. Bekkur sig úr. Þar hefur farið fram mikil vinna og umræða um einelti og það skýrir að einhverju leyti þennan mun. Þeirri vinnu er líklega ekki lokið enn.

Það kemur ekki alveg skýrt fram við framkvæmd könnunarinnar að eineltið eigi við skólatíma, það er vel mögulegt að nemendur upplifi einhverja af þáttunum eftir skóla, á heimili eða í tómstundum.

Hér þarf að grípa til ráðstafana undireins og kanna hvað er hér að baki.

Hreyfing kom vel út í mælingum, 7., 8. og 9. bekkur eru allir yfir landsmeðaltali í hreyfingu. Við nálgumst landsmeðaltal í *samsömun við nemendahópinn* en það er þó enn undir viðmiðum.

-Skóla- og bekkjarandi

Agi í tímum er á niðurleið, við höfðum nánast náð landsmeðaltali í fyrra en fjarlægjumst nú eftir að hafa verið á uppleið síðustu ár. 6., 7. og 8. bekkur skera sig úr og þar er mestur munur á aga í tímum miðað við landsmeðaltal.

Við mælumst líka yfir meðaltali í *virgni nemenda í tímum*, þar erum við 0,6% hærrí og í *aga í tímum* mælumst við 0,6% undir. Þetta tengist mjög líklega því nemendur geta túlkað það sem agaleysi þegar mikil virkni er í tímum, t.d. samræður og hópavinna.

2. Samræmd könnunarpróf

4. bekkurinn kemur mjög vel út í mælingum en 7. bekkur slakur. Það er ekki í ósamræmi við það sem kom út úr mælingum hjá sama árgangi í 4. bekk.

Heimavinnuaðstoð hefur verið í boði á unglíngastigi og er hún vel nýtt. Við ræddum um hvort ekki væri ástæða til að hafa heimavinnuaðstoð á miðstigi til að stuðla að jafnrétti til náms. Margir hafa góða aðstöðu til að aðstoða börnin sín heima en það hafa ekki allir tök á því. Stefnan hefur verið að hafa sem minnst heimanám en það er helst stærðfræði sem þarf að athuga. Eins og er yrði þá að taka stuðning út úr einhverjum tímum til að manna aðstöðina en við þurfum að ræða þetta frekar.

3. Næsti fundur

14. janúar er næsti fundur, og svo framvegis annan miðvikudag í mánuði.

Ritari: Linda Rós